



Hafnarfjörður

Samantekt á sérstökum íþrótt- og tómstundastyrkjum 12. ágúst 2021

Tölulegar upplýsingar:

Borist hafa 606 umsóknir.

Samþykktar hafa verið 464 umsóknir á 380 börn.

Á bið eru 63 umsóknir þar sem óskað var eftir fullnægjandi kvittunum en ekki var brugðist við því.

Hætt hefur verið við 79 umsóknir þar sem um margar umsóknir á sama barn með sömu gögnum hefur verið að ræða. Ein umsókn barst eftir að umsóknarfresti lauk þann 31. júlí 2021 og var hætt við hana.

Búið er að greiða út 14.419.294 kr. í sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki frá því afgreiðsla styrkjanna hófst haustið 2020 en Hafnarfjarðarkaupstaður fékk greitt kr. 52.650.000,- til að ráðstafa í styrkina. Dagsetningar á færslum eru frá 08.12.2020-12.08.2021.

Hvað er framundan:

Afgreiðsla styrkja hófst í lok árs 2020 og eins og sjá má hafa ekki margir foreldrar þeirra barna sem áttu rétt á styrknum sótt um. En samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra haustið 2020 voru um 1170 börn í Hafnarfirði sem áttu rétt á styrknum. Staðan virðist vera svipuð í öðrum sveitarfélögum.

Upphaflega var styrkurinn aðeins fyrir skólaárið 2020-2021 en í vor var reglunum breytt og bætt við sumrinu 2021 og umsóknarfresturinn framlengdur til 31. júlí 2021.

Umsóknarferlið virðist hafa verið of flókið sem líklega er ástæðan fyrir svo fáum umsóknum. En foreldrar þurftu að fara inn á island.is, veita þar samþykki fyrir öflun upplýsinga um launatekjur, fylgja slóð inn á umsóknina sjálfa og fylla hana út ásamt því að tengja við fullnægjandi kvittun. Foreldrið þurfti því að leggja út fyrir íþróttinni eða tómstundinni og fá svo styrkinn eftir á.

Til þess að bregðast við þessu hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að breyta umsóknarferlinu sem mun byrja núna í haust og verður að minnsta kosti til áramóta. Umsóknarferlið verður þá að mestu leyti sjálfvirk og á foreldri að geta hakað við að nýta sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk þegar það skráir barn í íþrótt eða tómstund og myndast þá inneign sem lækkar fjárhæð námskeiðsins og þar með útlagðan kostnað foreldris.

Fjármagnið sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefur fengið greitt til að ráðstafa í sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki verður nýtt til að byrja með en það hefur verið sett meira fjármagn í þetta hjá ráðuneytinu svo ef það vantar fáum við meira fjármag frá félagsmálaráðuneytinu í vetur.

Vinnan við þessar breytingar er komin langt á leið með nýju umsóknarferli mun umsjón með styrkjunum færast yfir til deildarstjóra þjónustuvers Hafnarfjarðar.

Erna Aradóttir

Verkefnastjóri sérstaks íþrótt- og tómstundastyrks

Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar